

# Samtök orkusveitarfélaga

## 22. stjórnarfundur

Þriðjudaginn 27. október 2015 kl. 10:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til símafundar.

Fundinn sátu: Gunnar Þorgeirsson, Bryndís Gunnlaugsdóttir, Jón Óskar Pétursson, Unnur Lára Bryde, Árni Eiríksson, Stefán Bogi Sveinsson og Sigrún Hauksdóttir

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson, starfsmaður Sambands íslenskra sveitarfélaga sem einnig ritaði fundargerð

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Orkufundur 2015

Rætt um orkufundinn sem haldinn var 15. október sl. í Skútustaðahreppi en 40 fulltrúar sátu fundinn.

*Stjórn lýsir yfir ánægju sinni með hvernig til tókst með ráðstefnuna. Margt gagnlegt kom fram á fundinum sem samtökin munu geta nýtt sér í baráttu sinni á næstu mánuðum. Stjórn vill þakka atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu sérstaklega fyrir þann styrk sem það veitti samtökunum til að standa að orkufundinum.*

### 2. Fundur með innanríkisráðherra

Gunnar gerði grein fyrir fundi sem hann, Stefán Bogi, Bryndís og Valur Rafn áttu með innanríkisráðherra fimmtudaginn 22. október 2015.

*Á fundinum fóru fulltrúar orkusveitarfélaga yfir helstu markmið samtakanna. Rætt var um fordæmisgildi nýfallins hæstaréttardóms og stöðu annarra mála er tengjast orkusveitarfélögunum.*

*Fulltrúar samtakanna bentu á að þann 18. september 2013 hafi ráðuneytið fundað með fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga og á þeim fundi var rætt um að innanríkisráðuneytið myndi afla gagna frá Þjóðskrá um hvaða eignir væru undir ef undanþágum frá greiðslu fasteignaskatts væri breytt en sú vinna er ekki enn hafin. Í framhaldi af því átti að hefja vinnu við gerð tillagna að nauðsynlegum lagabreytingum.*

*Ráðherra var jákvæður í garð samtakanna og fól ráðuneytisstjóra að hefja nú þegar þá vinnu sem ráðuneytið tók að sér haustið 2013.*

### 3. Fundur með Samorku og sambandinu

Lagt fram minnisblað sem samtökin munu hafa með á fund með Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Samorku sem fer fram þann 4. nóvember nk.

*Bryndís, Stefán og Valur fara á fundinn fyrir hönd samtakanna.*

#### **4. Fundur með verkefnisstjórn og faghópi um rammaáætlun**

Rætt um starfsemi verkefnisstjórnar og faghóps um rammaáætlun og hvort ekki sé mikilvægt fyrir Samtök orkusveitarfélaga að óska eftir fundi með þeim til að kynna markmið samtakanna.

*Starfsmanni falið að óska eftir fundi með verkefnisstjórninni og faghópi um rammaáætlunina.*

#### **5. Árgjöld í samtökin**

Rætt um uppbyggingu árgjaldanna og hvort nauðsynlegt sé að breyta því fyrirkomulagi.

*Ritara og formanni falið að útbúa minnisblað með tillögu að breyttu fyrirkomulagi til að leggja fram á næsta stjórnarfund.*

#### **6. The role of Nordic municipalities and regions in the green transition**

Formaður sagði frá ráðstefnu sem Norðurlandaráð heldur í byrjun nóvember þar sem fjallað verður um hlutverk sveitarfélaga og héraða í þróun græns hagkerfis.

*Samþykkt að fela formanni og starfsmanni að sækja ráðstefnuna fyrir hönd samtakanna.*

Fundi slitið kl. 10:30